



Flugslysaæfing Húsavíkurflugvelli Maí 2018 Lokaskýrsla



Isavia

Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra
Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra

1 Efnisyfirlit

2	Frá æfingastjórn	2
3	Markmið	3
4	Undirbúningur og framkvæmd.....	4
4.1	Fimmtudagur 10. maí	4
4.2	Föstudagur 11. maí.....	4
4.3	Laugardagur 12. maí.....	4
4.4	Æfingastjórn	5
4.5	Ráðgjafar	5
4.6	Þátttaka	5
4.7	Handrit æfingarinnar og sviðsmynd	5
4.8	Veður	6
4.9	Framkvæmd.....	6
4.10	Vettvangur.....	6
5	Rýni.....	7
5.1	Vettvangsrýni ráðgjafa	7
5.1.1	Aðgerðastjórn.....	7
5.1.2	Vettvangsstjórn	7
5.1.3	Björgunarstjóri.....	8
5.1.4	Aðhlyningarstjóri	9
5.1.5	Fjöldahjálp	10
5.1.6	Flutningsstjóri	10
5.1.7	Gæslustjóri.....	10
5.1.8	Leikarar og förðun	10
5.2	Rýnifundur	14
5.3	Samantekt lærdóms flugslysaaæfingarinnar.....	14
5.3.1	Hverjir tóku þátt í rýni	14
5.3.2	Það sem vel var gert	16
5.3.3	Það sem betur hefði mátt fara	17

2 Frá æfingastjórn

Laugardaginn 12. maí var haldin flugslysaæfing á Húsavíkflugvelli. Undirbúningur hófst fyrir nokkrum mánuðum þar sem samstarf aðila innan Isavia, Lögreglustjórans á Norðurlandi eystri og almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra mynduðu æfingastjórn.

Algengt er að í tengslum við flugslysaæfingar séu fræðslukvöld, skrifborðsæfingar og hittingur ráðgjafa við sína viðbragðsaðila dagana fyrir aðalæfinguna. Að þessu sinni bar æfinguna í sömu viku og frídag og í stað þess að hafa tvö fræðslukvöld (fimmtudag og föstudag), var frí á fimmtudegi því það var uppstigningardagur. Með góðri skipulagningu kom vel út að hafa þetta með þessum hætti.

Margir koma að flugslysaæfingum og hvort sem það eru undirbúningsaðilar, leikarar, þátttakendur eða annað bakland á samfélagið heiður skilið að standa vel að verki, æfingin gekk með sóma og kom margt gott í ljós sem má styrkja og nokkur atriði sem má fínþússa. Landhelgisgæslan og Rannsóknarnefnd samgönguslysa voru á svæðinu og er alltaf ánægjulegt þegar slíkir aðilar ná að koma og gefur það æfingunni frekari dýpt.

Fyrir hönd æfingastjórnar þakka ég öllum er komu að æfingunni á einn eða annan hátt, æfingar sem þessar eru nauðsynlegar til að stilla saman strengi og heilt yfir tókst æfingin mjög vel.

23. júlí 2018

Elva Tryggvadóttir, Isavia.

3 Markmið

Markmið flugslysaæfinga er að tryggja skipulögð viðbrögð við flugslysum á eða við flugvöll og auka færni og samvinnu viðbragðsaðila í samræmi við flugslysaáætlun viðkomandi flugvallar.

Undirmarkmið eru sett fyrir hverja æfingu út frá reynslu fyrri æfinga á svæðinu og tillögum ráðgjafahóps.

Flugslysaæfingar eru haldnar vegna alþjóðlegra krafna og íslenskra laga um slíkar æfingar og samkomulags viðbragðsaðila um að halda slíkar æfingar á almannavarnastigi.

Markmið æfingarinnar í maí var að æfa flugslysaáætlun Húsavíkurflugvallar, samvinnu milli viðbragðsaðila og þær áskoranir sem felast í dreifðum og flóknum vettvangi, í og við hraun, þar sem yfirsýn var erfið og eldar loguðu víða.

4 Undirbúningur og framkvæmd

Undirbúningur fyrir æfingar hófst nokkrum mánuðum fyrr þar sem æfingastjórn heldur utan um heildarmynd æfingarinnar.

Í sömu viku og stóra æfingin er haldin eru haldin fræðslu- og undirbúningskvöld. Oft frá miðvikudegi og fram á föstudag. Í ár var uppstigningardagur á fimmtudegi og ákveðið að hafa enga dagskrá á þeim degi. Því var öll fræðsla haldin á föstudeginum.

4.1 Fimmtudagur 10. maí

Boðunarprófun var framkvæmd af 112 með venjubundnum hætti en margir vöknúðu af værum blundi þennan dag við prófunina enda frídagur.

4.2 Föstudagur 11. maí

Skrifborðsæfing var haldin í húsi Björgunar-sveitarinnar Garðar á Húsavík kl. 15:00 og gekk æfingin ágætlega. Nokkrir nýir aðilar voru í hlutverki verkþáttastjóra og var æfingin því kærkomin fyrir þau.


Um kvöldið var haldinn fræðslufundur sem var vel sóttur af viðbragðsaðilum. Farið var yfir:

- Gang æfingarinnar, öryggi og ýmsar upplýsingar
- Aðkoma að flugslysi, umgengni um slystað og rannsóknarhagsmunir
- Fjarskipti og fjarskiptaplan
- Farið yfir atriði sem algengt er að sjá
- Hlutverk Rauða Krossins
- Umgengni og aðkoma við þyrlur
- Áhersluatriði/flæði slasaðra í flugslysi og áverkamat
- Umræður og fyrirspurnir



Samhliða fræðslufundi fyrir viðbragðsaðila voru leikarar á fundi til að undirbúa sig fyrir hlutverk sitt sem þolendur í flugslysaæfingunni sjálfri.

4.3 Laugardagur 12. maí



Æfingin var tímasett kl. 11.00 á laugardegi. Viðbragðsaðilar voru flestir búnir að koma sér fyrir um kl. 10.30 en ákveðið var að flestar bjargir væri komnar við eða áleiðis að vellinum. Æfingin hófst kl. 11.10 með tilkynningu um slys á brautarenda. Fóru þá bjargir að vellinum og var þeim stýrt inná völlinn út frá þeirri röð sem líklegt væri að þær myndu koma í raunveruleikanum þó svo að tímaramminn hafi verið mun þéttari en það. Æfingin var hæg í gang en þó nokkurn tíma tók að tryggja vettvang og er spurning hvort að hefði mátt tryggja hluta vettvangs meira til að koma fólki fyrr í burtu. Þyrla Landhelgisgæslunnar kom á vettvang með

greiningarsveitir frá LSH í Reykjavík og Sjúkrahúsinu á Akureyri, tók leit á svæðinu og flutti að lokum alla sjúklinga eftir æfingu yfir í Íþróttahúsið á Húsavík við mikinn fögnuð leikara.

Samhæfingarmiðstöðin í Skógarhlíð var virkjuð samhliða æfingunni sem héldu úti mótspili á móti VST um flutning á slösuðum.

Æfingu var lokið um kl. 13:45 en þá hafði öllum markmiðum æfingarinnar verið náð og í framhaldinu haldinn sameiginlegur fundur í Íþróttahöllinni á Húsavík.

4.4 Æfingastjórn

Æfingastjórn er skipuð fulltrúum frá lögregluþvöllum á svæðinu, fulltrúum almannavarna ríkisins og Isavia.

Æfingastjórn	Bjarni Sighvatsson Isavia
Æfingastjórn	Elva Tryggvadóttir Isavia
Æfingastjóri	Friðfinnur Fr. Guðmundsson Isavia
Æfingastjórn	Friðgerður Brynja Jónsdóttir Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra
Æfingastjórn	Friðjón Viðar Pálmason Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra
Æfingastjórn	Grímur Kárason Slökkviliðsstjóri og almannavarnanefnd Þingeyinga
Æfingastjórn	Hreiðar Hreiðarsson aðalvarðstjóri lögreglunni á Norðurlandi eystra

4.5 Ráðgjafar

Ráðgjafar koma víða að og eru bæði tengiliðir við ýmsar stofnanir, félagasamtök og fyrirtæki sem hafa hlutverk í áætluninni. Þeir aðstoða við undirbúning og fylgjast með einstaka þáttum æfingarinnar og skila umsögnum um hvernig til tókst.

Ráðgjafi	Aðalbjörn Tryggvason Isavia
Ráðgjafi	Arnar Ingi Ingimarsson Isavia
Ráðgjafi	Einar Þór Strand Slysavarnafélagið Landsbjörg
Ráðgjafi	Guðrún Lísbet Níelsdóttir LSH
Ráðgjafi	Jón Brynjar Birgisson Rauði Kross Íslands
Ráðgjafi	Jón Kr. Valdimarsson aðalvarðstjóri lögreglan
Ráðgjafi	Ómar Björnsson Isavia
Ráðgjafi	Ragnar Guðmundsson RNSA
Ráðgjafi	Soffía Helga Valsdóttir Umsjón leikara og förðun
Ráðgjafi	Steingrímur Jónsson Slysavarnafélagið Landsbjörg
Ráðgjafi	Veigar Þór Guðbjörnsson Isavia
Ráðgjafi	Þór Þorsteinsson Slysavarnafélagið Landsbjörg

4.6 Þátttaka

Um 170 manns tóku þátt í æfingunni og voru þeir ýmist staðsettir á flugvelli eða í stjórnstöðvum á Húsavík eða Akureyri. Auk þess sem samhæfingarstöðin í Reykjavík var virk.

4.7 Handrit æfingarinnar og sviðsmynd

Slóvensk leiguflugvél af gerðinni SAAB 340c missir mótör í aðflugi að Húsavíkflugvelli. Vélin skellur í jörð rétt við brautarenda. Hún brotnar í nokkra hluta og eldar koma upp í hluta af brakinu. Áætlað er að um borð séu um 35 manns.

4.8 Veður

Veður var bjart og líttill vindur, úrkomulaust og hiti um 7-8°C.

4.9 Framkvæmd

Kl. 10.30 Flestir viðbragðsaðilar mættir og bíða fyrir utan völinn.

Kl. 10.35 Leikararúta kemur á flugvöll.

Kl. 11.10 SLY tilbúinn, allir á sínum stað og eldar loga.

Turnmaður boðar út samkvæmt flugslysaáætlun og fyrstu bjargir mæta á vettvang.

Kl. 12.10 Æfing hægt í gang á meðan verið var að tryggja vettvang en rúllaði vel eftir u.þ.b.


klukkustund eftir að mesta slökkvistarfi lauk. Þýrla LHG kom á vettvang og tók leit auk þess að flytja síðan alla sjúklinga inná Húsavík að lokinni æfingu.

Kl. 13.35 Æfingu á velli lýkur.

Kl. 14.30 Boðið uppá samantekt og súpu í íþróttahúsinu á Húsavík.

4.10 Vettvangur


Vettvangurinn var settur upp við enda suðurenda flugbrautarinnar. Fjórir póstar með eld voru á staðnum, tvö klippuverkefni auk þess sem reykfyllt rör ásamt sjúklingum var í móanum. Sjúklingar voru í og við flök án elda og einn var aðeins lengra frá svæðinu.



5 Rýni

Rýni er einn af mikilvægu þáttum í kjölfar æfinga.

Rýniferlið var með þeim hætti að öllum þátttakendum var boðið að rýna aðgerðina rafrænt. Með þessum hætti koma fleiri að rýni æfingarinnar og fjölbreyttari sjónarmið koma fram.



5.1 Vettvangsrýni ráðgjafa

Allir verkþáttastjórar ásamt vettvangsstjórn höfðu sinn ráðgjafa sér til halds og traust. Ráðgjafar voru staðsettir á öllum stjórnunarpóstum æfingarinnar. SST, AST, VST og hjá verkþáttastjórum.

Ráðgjafar meta ákveðna þætti út frá verkefnum aðila, hvort að verkefnum sé sinnt eða ákveðnum markmiðum náð. Metið er á skalanum 1-5 þar sem 1 þýðir að verkefni var ekki sinnt, kröfum ekki náð eða markmiðum ekki náð.

5.1.1 Aðgerðastjórn

Ekki barst rýni frá ráðgjafa.

5.1.2 Vettvangsstjórn

VST byrjaði í flugturni, þar var þröngt og truflandi fyrir starfsmann í turni. Betri yfirsýn var þegar VST var komin nálægt slysstað.

Það vantaði ákveðni í að sækja upplýsingar og að koma frá sér fyrirætlum. Fjarskiptavandamál milli Gæslustjóra og VST sem er þekkt vandamál í eða við flugstöð.

Verkþáttur	Markmiðum náð 1-5 þar sem 5 er öllum markmiðum náð.
Var yfirsýn yfir atburð náð á viðeigandi tíma	3
Náði vettvangsstjóri sér í viðeigandi upplýsingar til að meta umfang verkefnis	4
Gaf VST, AST greinargóða og tímanlega stöðu mála	3
Var SÁBF notað með viðeigandi hætti í VST	3

Var skipt í stöður í VST	5
Voru fyrirmæli vettvangsstjóra skilmerkileg	4
Varð aðbúnaður og aðföng með viðeigandi hætti í VST	4
Var VST staðsett á viðeigandi stað	4
Var samræming verkþáttastjóra með viðeigandi hætti	4
Var viðeigandi stjórnunarspönn viðhaldið	4
Voru viðeigandi verkþættir virkjaðir	3
Var í gert áhættumat eða athygli vakin á aðsteðjandi hættum	2
Var aðgerðagrúnnur notaður á réttan hátt	2
Var aðgerðaskráning með viðeigandi hætti	2
Var hugað að markmiðssetningu í áætlanagerð	2
Voru settar niður aðgerðalotur	2
Var hörfun skipulögð með viðeigandi hætti	3

5.1.3 Björgunarstjóri

Umsögn 1

Björgunarstjóri afhenti vettvang til lögreglu að lokinni björgun. Við rýni á viðbragðsáætlun Húsavíkurflugvallar á flugslysaáætlun kom í ljós að þessi breyting hefur verið gerð frá fyrri viðbragðsáætlun. Er þetta á skjön við landslög um viðbragð við flugslysi, en í 132 grein laga um loftferðir 60/1998 (með nógildandi breytingum) segir: "[Rannsóknarnefnd samgönguslysa] 3) fer með yfirstjórn vettvangsrannsóknar og ber lögregluþyriföldum að aðstoða við hana í hvívetna.] 4)." Í þessu tilfalli var RNSA mætt á vettvang á meðan björgun stóð yfir og því bar björgunarstjóra að afhenta vettvanginn til RNSA samkvæmt landslögum.

RNSA fer fram á að flugslysaáætlun Húsavíkurflugvallar sem og aðrar tilheyrandi flugslysaáætlanir verði uppfærðar í samræmi við þetta ákvæði í 132. grein laga um loftferðir 60/1998.

Umsögn 2

Kom á staðinn en var ekki nógu nálægt en var bent á það og færði sig nær. Það tók einn klukkutíma að koma fyrstu björgum á staðinn sem er aðeins of langur tími.

Verkþáttur	Markmiðum náð 1-5 þar sem 5 er öllum markmiðum náð.
Náði björgunarstjóri tímanlegri yfirsýn yfir atburð	2
Náði björgunarstjóri sér í nægar upplýsingar til að meta umfang og stærð atburðar	2
Var björgunarstjóri meðvitaður um aðsteðjandi hættur	3
Var vettvangur tryggður á viðeigandi tíma	2
Voru fyrirmæli björgunarstjóra skýr og skilmerkileg	3
Gekk björgunarstjóra vel að samþætta starf mismunandi bjarga á vettvangi	3
Var tekið á móti hópum og þeir settir í verkefni	3
Var eðlilegri stjórnunarspönn viðhaldið á vettvangi	3
Var staðsetning björgunarstjóra viðunandi	1
Var yfirsýn björgunarstjóra viðeigandi	2
Var gætt að verndun vettvangs og rannsóknarhagsmuna á viðeigandi hátt	4
Var viðeigandi upplýsingum komið til VST um umfang og aðstæður á vettvangi	3

Voru samskipti við VST með viðeigandi hætti	4
Voru samskipti við aðra verkþáttastjóra með viðeigandi hætti	3
Unnu stjórnendur Isavia og slökkviliðs vel saman	4
Var gerður vettvangsuppráttur af vettvangi	3
Var framkvæmd leit	3

5.1.4 Aðhlyningarstjóri

Heilbrigðisstarfsfólk mætti almennt vel undirbúið á æfinguna, góð þekking á málefnum innanhúss og gott samstarf milli heilbrigðisstétta áberandi.

Sjúklingar lágu lengi óáreittir eftir að vinna var hafin á staðnum, lá við að lagðar væru slöngur yfir þá og stigið yfir þá. Talsverður tími leið þar til bráðaflokkun fór af stað og var vinna við bráðaflokkun ekki nógu markviss, tók langan tíma og framkvæmd of ítarleg skoðun miðað við það sem lagt er upp með í bráðaflokkun.



Aðhlyningarstjóri og aðstoðaraðhlyningarstjóri voru gott teymi, tóku reglulega stöðuna sín á milli. Samskipti þeirra á milli góð og samskipti við starfsfólk á SSS skýr. Fjarskiptasamband inni á flugstöðinni var þó stopult og hafði þetta mikil áhrif á störf þeirra, sérstaklega til að miðla upplýsingum til annarra verkþáttastjóra og AST/SST. Þetta varð til þess að þær þurftu sífellt að fara út úr flugstöðinni til þess að ná betra sambandi, sem varð til þess að þær misstu reglulega tímabundið yfirsýn. Áriðandi er að bæta úr þessu með fjarskiptin sem fyrst.

SSS var mjög vel mannað, bæði af heilbrigðisstarfsfólki frá HSN + greiningarsveitir frá SAK og LSH. Samstarf milli aðila áberandi gott. Hjálparlið almannavarna komu einnig mjög sterk inn og Rauði krossinn vann mjög gott starf inni á græna svæðinu og víðar. Þegar farið var að líða á æfinguna og sjúklingar farnir að tynast út af SSS var talsverð kraðak og mikið af fólki inni á SSS. Þegar kom að því að þeir sem voru að leika sjúklinga gætu farið í þrylluflug kom hópur af útskrifuðum sjúklingum aftur inn á SSS og skapaði enn meiri kraðak.

Erfitt var fyrir aðhlyningastjóra að hafa yfirsýn yfir ímyndaðar flutningsleiðir, þ.e. þryllur og flugvélar sem áttu að hafa komið og farið, og hvaða sjúklingar fóru hvert. Þetta gerist ítrekað á æfingum og eitthvað sem við í æfingastjórninni þurfum að fara að skoða betur.

Verkþáttur	Markmiðum náð 1-5 þar sem 5 er öllum markmiðum náð.
Tók eðlilegan tíma fyrir aðhlyningarstjóra að ná yfirsýn yfir atburð og ástand í SSS	4
Gaf aðhlyningarstjóri greinargóða lýsingu á ástandinu til HSB, HVE, AST, SST, VST	4
Voru nægar bjargar við uppsetningu á SSS	4
Gaf aðhlyningarstjóri skýr fyrirmæli varðandi vinnu á SSS	5
Var aðbúnaður viðeigandi á SSS	4
Var viðeigandi skipulagi komið á í SSS	4
Var aðhlyningarstjóri með góða yfirsýn á SSS	3
Voru aðstoðarmenn skipaðir eftir þörfum	5
Var áverkamat mannað/virkjað í samræmi við umfang og eðli atburðar	4
Var rautt svæði mannað/virkjað í samræmi við umfang og eðli atburðar	5

Var gult svæði mannað/virkjað í samræmi við umfang og eðli atburðar	5
Var grænt svæði mannað/virkjað í samræmi við umfang og eðli atburðar	5
Var ástand mála metið reglulega	4
Voru nauðsynleg aðföng/bjargir tryggð tímanlega	4
Var SSS eðlilega mannað	5
Voru samskipti við starfslíð SSS næg og skilvirk	5
Var aðhlyningarstjóra kunnugt um skipulag fjarskipta	4
Var upplýsingamiðlun frá SSS skilvirk	2

5.1.5 Fjöldahjálp

Ekki barst rýni frá ráðgjafa.

5.1.6 Flutningsstjóri

Smá samskiptaleysi varðandi flug og getu þeirra til flutnings. Annað ekki sérstaklega tekið fram.

Verkpáttur	Markmiðum náð 1-5 þar sem 5 er öllum markmiðum náð.
Tók eðlilegan tíma fyrir flutningsstjóra að ná yfirsýn yfir atburð og ástand mála	4
Var flutningstjóri meðvitaður um hættur og hindranir á flutningsleiðum	4
Var skráning bjarga með viðeigandi hætti	5
Var móttaka bjarga með viðeigandi hætti	5
Var skipulag á MÓT með viðeigandi hætti	5
Var biðsvæði bjarga notað með viðeigandi hætti	5
Voru skipaðir umsjónarmenn yfir biðsvæði sem voru virkjuð	4
Var aðbúnaður og aðföng með viðeigandi hætti	4
Voru biðsvæði sett upp á hentugum stöðum	5
Var skipulag flutninga með viðeigandi hætti	3

5.1.7 Gæslustjóri

Ekki barst rýni frá ráðgjafa.

5.1.8 Leikarar og förðun

Leikarakynning var á föstudagskvöldinu en engin aðstaða til að varpa kynningunni á tjald. Hún fór því fram á miðju gólfinu og stóðu leikarar í kring um tölvuna. Gott væri að tryggja betri aðstöðu en einhverjir minntust á sal eftir á sem hefði verið gott að vita af fyrir fram

Förðunarteymið mætti í íþróttahúsið kl. 7.30 og fyrstu leikarar um kl. 8.00. Öll aðstaða var sett upp á föstudeginum. Fjórir aðilar voru að farða þ.á.m. aðili nýútskrifaður úr leikhúsförðun sem hefur áður tekið þátt og kenndi hann hópnum margt nýtt í förðun (gott er að muna eftir honum þegar æfingar eru á Norðurlandi). Hluti förðunarliðs sá svo einnig um eftirlit með leikurum á æfingunni sjálfri.

Slökkvilið Norðurþings sá um vel útilátinn morgunmat fyrir leikarana og fengu leikararnir pizzu að lokinni æfingu (aðrir þátttakendur fengu svo afganginn við góðar undirtektir).

Förðunin gekk mjög vel, 29 leikarar mættu til leiks og komu þeir lengst að frá Kópaskeri. Einn leikari hætti þó leik þegar á hólminn var kominn, 8 ára trítla sem fannst þetta allt frekar ógnvekjandi. Trufaði þetta eitthvað talninguna hjá björgunaraðilum. Að öðru leyti gekk þetta smurt. Rjómalíða eins og undanfarið á æfingum í Aðaldal. Toppurinn hjá leikurunum var síðan eflaust þyrluflugið með LHG að íþróttahúsinu.

Allir leikarar fengu frímiða í sund frá bæjarfélaginu og brúsa og buff að gjöf frá Isavia.




Könnun meðal leikara

Könnun var gerð á því hvernig leikurum fannst til takast, heldur fáir svöruðu könnuninni eða 34,5%.


Q1 Hvernig fannst þér undirbúningur fyrir æfinguna?

Answered: 10 Skipped: 0




Q2 Hvernig fannst þér æfingin ganga?

Answered: 10 Skipped: 0




Q3 Hvernig fannst þér tímalengd æfingarinnar?

Answered: 10 Skipped: 0




Q5 Hvernig fannst þér meðferðin á þér af hálfu björgunaraðila?

Answered: 10 Skipped: 0




Q4 Fundust allir áverkar?

Answered: 10 Skipped: 0



Q6 Hvernig fannst þér fylgst með líðan þinni á:

Answered: 10 Skipped: 0



Hvað fannst þér jákvætt við æfinguna:

- Gekk hratt fyrir sig. Björgunarmennirnir hlúðu vel að manni.
- Flest allt 😊
- Ganga vel
- Mér fannst allt ganga svakalega vel og ég í öruggum höndum allan tímann.
- Flutningurinn í íþróttahúsið (þyrluferðin)
- Flest

Hvað fannst þér neikvætt við æfinguna:

- Þínu langt
- Ekkert
- Ekkert
- Ég tók ekki eftir neinu slíku
- Það tók langan tíma að slökkva eldana
- Ekki mikið

5.2 Rýnifundur

Þátttakendur æfingarinnar komu saman að lokinni æfingu í íþróttahúsinu á Húsavík þar sem beið þeirra dýrindis súpa og brauð. Í stað hefðbundins rýnifundur var stutt samantekt frá stjórnendum æfingar og verkþáttastjórum og æfingu slitið.

Rýni fór þess í stað út rafrænt og má sjá niðurstöður hennar hér að neðan. Niðurstöður rýni fara til úrlausna hjá einstaka viðbragðsaðilum eftir því sem við á.

5.3 Samantekt lærdóms flugslysaæfingarinnar

Lærdómsatriði eru ekki síuð og koma hér fyrir eins og skilað var inn í rýni, með því tryggjum við að allar raddir fái að heyrast, það eina sem hefur verið gert við textann er að stafsetning hefur verið löguð og svör sem merkja ekkert í rýni hafa verið tekin út svo sem „ekkert“, „hef ekki skoðun“ o.s.frv.

Mikilvægt er að hver og einn aðili og viðbragðsaðilar saman taki á þeim rýnipunktum sem fram hafa komið og er það undir hverjum og einum að gera slíkt.

5.3.1 Hverjir tóku þátt í rýni

Alls tóku 34 aðilar þátt í rýni, frá flestum viðbragðsaðilum.

Q2 Hvaða úrlausnaraðila tilheyrir þú?





5.3.2 Það sem vel var gert

5.3.2.1 Undirbúningur æfingar

Rýnipunktur	Eigandi
Tímanlega var farið í að undirbúa æfinguna og skipuð æfingastjórn heimamanna ásamt Isavia og AVD.	Allir
Mönnun gekk vel miðað við aðstæður. Frídagur kom inná milli og annatími í sveitum. Héldum undirbúningsfund með okkar sjálfboðaliðum þar sem farið var yfir hlutverk okkar.	Á ekki við (ÁEV)
Hlutverk hvers og eins lá fyrir með góðum fyrirvara. Vorum hvött til að lesa okkur til um hlutverkið. Skrifborðsæfing og fræðsla gengu vel og náðu úr manni mesta hrollinum, gáfu góða sýn á æfinguna og hlutverk hvers og eins.	Allir
Skýr skilaboð frá yfirmanni sjúkraflutninga.	Sjúkraflutningar
Góð þátttaka	Allir
Gott skipulag og vel gekk að ná mannskapnum saman til þátttöku í æfingunni.	Allir
Allt nánast smá hnökrar bara.	Allir
Allt.	Allir
Samvinna hjá RKÍ, samtal hópsins.	RKÍ
Gott að hittast og fara yfir málin, eins og við Rauða kross fólk gerðum. Ýmsum spurningum var hægt að svara strax. Og æfingar á talstöð voru sérlega gagnlegar. Gríðarsterkt námskeið á föstudagskvöldinu, fróðlegt og gagnlegt. (Setning æfingarinnar)	RKÍ Æfingastjórn/Ráðgj.
Góð fræðsla og kynningar hjá öllum aðilum.	Æfingastjórn/Ráðgj.

5.3.2.2 Framkvæmd/úrlausn æfingar

Rýnipunktur	Eigandi
Æfingin í heild gekk vel og var verið að vinna með nýja uppsetningu í AST sem virkaði vel.	Stjórnendur
Æfingin gekk vel, samvinna var góð og unnið vel að úrlausn verkefna á slysavettvangi.	Allir
Neyðarvarnarkerran okkar sýndi hversu mikilvægt er að hafa hana til taks. Sérstaklega koma bekkirnir að góðum notum á SSS. Bætir vinnuástöðu verulega fyrir alla. Okkar fólk leysti krefjandi verkefni mjög vel. Allir fengu góða þjálfun við svona aðstæður.	RKÍ
Vettvangsstjórn gekk vel á æfingunni, hélt vel utan um hlutina og hafði góða yfirsýn. Ég var ánægð með að þyrlan gat tekið þátt og hversu vel leikarar stóðu sig. Ég var sérstaklega ánægð með Jón Vald sem fylgdi mér á æfingunni, hann kom með uppbyggilegar athugasemdir, svaraði spurningum mínum og hrósaði fyrir hluti sem honum þótti vel ganga. Lærði helling af honum.	Stjórnendur LHG Lögregla
Flutningur af slystað og móttaka á SSS.	Allir
Æfingin gekk nokkuð vel og var vel skipulögð að mestu leiti	Allir

Slökkvistarf	Slökkvilið/Isavia
Heilt yfir gekk æfingin vel og mannskapurinn á vettvangi gekk rösklega til starfa.	Allir
Gekk vel þegar hún fór af stað	Allir
Góð umgjörð, krefjandi vettvangur, uppsetning og aðkoma bjarga.	Æfingastjórn
Samvinna við aðra aðila á græna, gula og rauða svæði gekk vel.	Allir
* Skipulagið gott eftir að við komumst inn á SSS. * Fjarskipti gengu að mestu leyti vel. * Rútan kom sér vel og var í raun alveg nauðsynleg til að "tappa af" græna svæðinu. * Frábært og raunar algjörlega nauðsynlegt að fá annað slagið heilbrigðisstarfsfólk inn á græna svæðið. * Öll samskipti voru hin bestu.	Heilbr.fólk RKÍ Björgunarsveitir
Mikilvægt að halda æfingu. Gott skipulag, afar mikilvægt að halda æfingu sem þessa. Stoltur yfir hinni miklu vigt sem er í öllum aðilum, s.s. slökkvi- og heilbrigðisstofnunum og ekki síst björgunarsveitunum, Rauða krossinum og fleirum.	Allir

5.3.3 Það sem betur hefði mátt fara

5.3.3.1 Það sem betur mátti fara í undirbúningi æfingarinnar

Rýnipunktur	Eigandi
Tilkynningar frá viðbragðsaðilum um fjölda þátttakenda bárust frekar seint og eins gekk frekar erfiðlega að fá tilætlaðan fjölda leikara.	Allir
Aðilar sem eru í flugslysaáætlun en eru utan svæðis 12 fengu ekki að vita að þeir ættu að taka þátt og ekki fyrr en eftir því var leitað. Undirbúningur var því enginn heldur mætt á svæðið með mannskap og búnað.	Æfingastjórn/Ráðgj.
Í ljósi þess hversu mikil þörf er á SSS lenti okkar fólk í miklum verkefnum sem ekki er beinlínis gert ráð fyrir í viðbragðsáætlunum. Þá hefðum við þurft að undirbúa og þjálfa hluta af okkar fólk betur.	RKÍ
Mér fannst undirbúningur ganga vel en hugsanlega hefðu yfirmenn átt að ganga úr skugga um að aðstoðarmenn mættu á fundi og undirbúning æfingar og þannig sjá til þess að þeirra hlutverk væri á hreinu.	Stjórnendur
Skipulag er snýr að björgun sjúklinga.	Slökkvilið, Isavia, björgunarsveitir
Undirbúningur æfingarinnar var góður og ekkert yfir honum að kvarta.	Æfingastjórn
Man ekki eftir neinu í hveli.	ÁEV
Alltaf hægt að fara dýpra í saumana	Allir
* Námskeiðið á föstudagskvöldinu var ívið of langt. * Rútan hefði mátt vera á hreinu, þ.e. að hún kæmi. * Rauði krossinn hefði þurft að uppfæra þekkingu okkar á því hvernig túlkapjónustan virkar. * Saknaði verklegra æfinga í áverkamati og fleiru þess háttar, sérstaklega í ljósi þeirra auknu verkefna sem virðast vera að færast yfir á Rauða krossinn. * Einnig hefði þurft að kenna og skýra útfyllingu spjaldanna grænu, gulu og rauðu.	RKÍ Heilbrigðisráðgj. Æfingastjórn/ráðgj.

5.3.3.2 Það sem betur mátti fara á æfingunni

Rýnipunktur	Eigandi
<p>Það var fjarskiptavandamál í flugstöðinni sem gerði það að illa gekk að ná í þá sem þar störfuðu (SSS). Mjög seint gekk að fá tölur um greiningu á vettvangi og ástand á þeim. Þá kom í ljós að þörf er á reglulegum æfingum í AST þar sem ALLIR aðilar koma að.</p>	<p>Isavia</p> <p>Verkpáttastjórnendur</p> <p>Stjórnendur</p>
<p>Slökkvistarf tók að því er virtist lengri tíma en í sambærilegum æfingum. Það er þó erfitt að átta sig á hvort það sé rétt tilfinning og hvort vettvangurinn hafi verið þess eðlis að þetta var tímafrekara. Fjarskipti við SSS voru augljóslega mjög erfið. Erfitt að bæta úr því þar sem húsið veldur mögulega þessum vandræðum nema að hafa sér aðila sem sjá um fjarskipti á þessum stað.</p>	<p>Slökkvilið/Isavia</p> <p>Isavia</p>
<p>Greinilegt er að flugstöðin er ekki vel staðsett hvað varðar sendistyrk og eru dauðir blettir innanhúss þar sem ekki er Tetra samband. Þar af leiðandi voru fjarskipti að gang nógu vel. Ræða þarf betur hvernig og hvenær æfingum á að ljúka. Nokkuð bar á að björgunaraðilar sem lokið hafði sínu hlutverki stóð aðgerðalausir og var oft fyrir aðilum sem voru enn að vinna á SSS. Samkvæmt viðbragðsáætlun er okkar hlutverk að sinna græna svæðinu. Þrátt fyrir það erum við með sjálfboðaliða sem boðið hafa sig fram á rauð og gula svæði og eru þjálfaðir til þess. En reynslan hefur sýnt það að okkar fólk hefur dregist af græna svæðinu yfir á gula og rauða svæðið vegna skorts á sérhæfðu fólki þar. Við erum tilbúin að takast á við þessi verkefni en þá þarf að setja þetta inn í viðbragðsáætlun og þannig getum gert ráð fyrir því og undirbúið okkar sjálfboðaliða að mæta þessum verkefnum.</p>	<p>Isavia</p> <p>Æfingastjórn</p> <p>Almannavarnir/RKÍ</p>
<p>Það voru nokkrir þættir; 1. fjarskipti voru ekki að virka sem best, þar sem aðilar sem voru staddir í flugstöð eða við flugstöð (aðhlyningarstjóri, flutningsstjóri og aðstoðarmenn gæslustjóra) voru iðurlega ekki í talstöðvarsambandi. Þá lenti ég sjálf í því að þurfa að hlaupa ítrekað í flugstöð og sækja upplýsingar og hlaupa svo frá flugstöð til að geta komið upplýsingum frá mér í stöð. 2. Bráðaflokkun gekk ekki vel og komu þó nokkrir sjúklingar á SSS án spjalda. Þá voru afrifur slasaðra ekki fylltar út, þannig aðilar í talningu þurftu að bæta þeirri vinnu á sig. 3. Lok æfingar varð furðuleg en þá voru nokkrir aðilar hættir á æfingunni en enginn var búinn að tilkynna lokin. Þá átti enn eftir að telja út að minnsta kosti 10 slasaða af SSS og á sama tíma fóru aðilar að ganga frá dótinu sínu, stjórnast í leikurum og senda þá inn og út af SSS og voru fyrir þeim sem enn voru að æfa. 4. Þeir aðilar sem flutningsstjóri sendi til gæslustjóra til að sinna hlutverkum t.d. gæslu áttu erfitt með að sinna því hlutverki. 1 aðili fór úr gæslu yfir í að bera sjúklinga án þess að láta vita af því (ég sá aðilann allt í einu kominn í SSS við flutning þegar hann átti að vera við innri lokun á slyssað. Hann var beðinn um að fara á sinn stað strax og fara eftir fyrirmælum), einn aðili spurði hvort virkilega væri þörf á gæslu og vildi fara í eitthvað meira spennandi og einn aðili skildi ekki leiðbeiningar þar sem hann talaði ekki</p>	<p>Isavia</p> <p>Einingar á vettvangi</p> <p>Æfingastjórn</p> <p>Allir</p>

íslensku og litla ensku. En unnið var úr þessum þáttum um leið og þeir komu upp.	
<p>Það var ýmislegt sem undirritaður lærði af þessari æfingu og sjálfsagt margt sem betur hefði mátt fara.</p> <p>1. Yfirsýn björgunarstjóra var mjög takmörkuð vegna m.a. landslags og því náðist seint að skila frá sér nákvæmri lýsingu af vettvanginum til VST / AST. Undirritaður hefði átt að fá mann strax í að rissa upp svæðið og koma því frá sér.</p> <p>2. Illa gekk að fá tölur slasaðra/látinna á vettvangi og bráðaflokkun þeirra, þrátt fyrir ítarlega ósk um það. En mannskapurinn (slökkviliðið) á vettvangi var mest allur bundinn við það að tryggja vettvanginn og slökkva þá elda sem loguðu. Undirritaður hefði átt að kalla til auka mannskap í að staðsetja og bráðaflokka þar sem "öruggt" var að fara um. En mér var sagt fyrir æfinguna að enginn mætti fara inn á svæðið fyrr en það væri orðið öruggt.</p> <p>3. Öryggisstjóri (ÖS) sendi mannskap inn á vettvanginn í innri lokun áður en vettvangurinn var orðinn "öruggur" og vísaði undirritaður þeim frá, þar sem þeir ætluðu að ganga beint inn á svæðið. Kom einn úr æfingastjórn til undirritaðs og sagði að einhvers misskilnings gætti á milli BS og ÖS, þar sem innri lokun ætti að eiga sér stað. Ég sagði honum að svo lengi sem þeir væru ekki ofan í vettvanginum þá væri það í lagi. Útskýrði ég fyrir honum hvers vegna ég vísaði þeim frá í upphafi og var hann sammála mér þar.</p> <p>4. Fjarskiptin voru mjög þétt og oft erfitt að komast að. Er mjög bagalegt að kalla t.d. inn á VST og strax á eftir kallaði einhver annar inn með aðra fyrirspurn og sleit þ.a.l. í sundur þau samskipti sem ég ætlaði VST.</p> <p>5. Mjög erfiðlega (ómögulegt) reyndist að halda utan um þær bjargir sem komu inn á vettvanginn og þær sem fóru út af vettvanginum. Þar hefði ég viljað sjá betri stjórnin (af minni hálfu) til að fá betri yfirsýn. Þar sem þetta var í fyrsta sinn sem ég gegni þessu hlutverki, þá lærði ég mikið af þessari æfingu og margt sem ég tek með mér reynslunni ríkari.</p>	<p>Slökkvilið/Isavia</p> <p>Slökkvilið</p> <p>Slökkvilið / Lögregla</p> <p>Allir</p> <p>Slökkvilið</p>
Björgun og skipulag á slysstað. Sjúkraflutningamenn þurftu að labba um svæðið til að leita af sjúklingum. Spurning hvort hlutverk björgunarsveita eigi að vera að koma sjúklingum að flugbraut til flutnings eftir bráðaflokkun. Það tapast mikill tími þegar sjúkraflutningamenn eru farnir að leita.	Sjúkraflutningar Björgunarsveitir
Á SSS virtist græna svæðið gleymast svolítið. Erfitt var að fá mannskap þangað inn til að sinna sjúklingum og oft voru sendir sjúklingar þangað sem þurftu mikla athygli sem ekki var hægt að veita vegna manneklu einnig var erfitt að fá að halda þeim litla mannskap sem var inni á græna svæði á staðnum.	VST / AST
Björgunarsveitir hefðu mátt koma fyrr á vettvang og Björgunarstjóri hefði mátt skanna svæðið betur.	Slökkvilið
Mér fannst of langur tími sem við í vettvangsstjórn biðum eftir bráðaflokkun og einnig að menn fengu ekki að klára samtöl sín á milli það var kallað inn í samtöl síðan var ekki gott samband inni í bílnum sem við vorum í ,vettvangs-bíll lögreglu	Allir
Nota allar bjargir t.d. sexhjóla sem var börtækt þá hefði verið minni mannskapur í burði á vettvangi, vantaði mjög mikið mannskap við söfnunarsvæði slasaða. Sem sagt nýta bjargir betur sem eru á svæðinu	VST / AST

Upplýsingar frá vettvangi til aðgerðarstjórnar hefðu þurft að berast fyrr, sérstaklega fjöldi slasaðra (bráðaflokkun). Einnig hefði beiðni um aukna aðstoð þurft að koma fyrr, ekki þegar allt er þrotið.	VST / AST
Fjarskipti ekki til fyrirmyndar. Þeir aðilar sem voru fyrstir til að skila sínu, (slökkvilið, björgunarsveit) voru því miður að hamlu útgönguleið fyrir aðra sem enn voru á æfingunni ...	Allir
<ul style="list-style-type: none"> * Við þyrftum alltaf að vera fleiri! * Rútumálið tók allt of langan tíma. * Túlkamálið tók líka of langan tíma, vegna misskilnings. * Að þjálfaður heilbrigðisstarfsmaður geti verið frá upphafi á græna svæðinu. * Allir þurfa að hafa á hreinu hvenær æfingunni er lokið og hvernig þeir eiga að haga sér eftir að þeirra verkefnum lýkur. Meðan við Rauða kross fólk og heilbrigðisstarfsfólk vorum enn að sinna grænum og flytja þá út í rútu var orðið kraðak af fólki sem stóð á spjalli í og við útganginn svo nánast var ófært út. Stórir bílar voru í gangi við útganginn svo við þyrftum að fara með þolendur í gegnum pústið af þeim. * Af sama toga: Beiðni þyrluflugmanna um að grænir skyldu sóttir út og færðir inn á SSS, og svo út aftur ruglaði allt skipulag og talningu. Þarna hefði stjórnandi RKÍ á SSS átt að átta sig á að þetta gekk ekki þar sem æfingin var enn í gangi. * Vaxandi verkefni og auknar kröfur um þekkingu, reynslu og færni Rauða kross fólks vekja krefjandi spurningar. * Af þessu leiðir m.a. að Rauða kross fólk á græna svæðinu þarf vera mun betur búið af skyndihjálpar- og sjúkravörum og búnaði. 	<p>Æfingastjórn</p> <p>Spítalinn</p> <p>Æfingastjórn</p> <p>Aðhlyningarstjóri / AST</p> <p>Almannavarnir / RKÍ</p>
Tempo í æfingunni hægt. Mat mitt að hleypa ætti sjúkraflutningum, læknum og öðru bráðafólki fyrr inn á vettvang. Á æfingunni var þetta fjölmennur hópur.	Björgunarstjóri
Skipuleggja betur flutningsmöguleika frá SSS og hafa það etv. markvissara strax, m.a. vegna fjölda flutningstækja.	VST / AST
Fjarskipti mikil á Blár 6-0 stundum erfitt að komast að til að tilkynna.	Allir

5.3.3.3 Einkunn æfingar

Meðaleinkunn um gagnsemi æfingarinnar er 9,14 af 10.

Q7 Hversu gagnlega telur þú æfinguna hafa verið á skalanum 1-10 þar sem 1 er ekki gagnleg og 10 mjög gagnleg

Answered: 14 Skipped: 0

